

ANTIKA EHF 2022

Gauksstaðir

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir



**Kort 1. Fornleifaskráningarsvæðið á Gauksstöðum.**

Forsíðumynd: Landamerkjagaráður – túngaráður [1573] milli Gauksstaða og Skeggjastaða

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Rúna K. Tetzschner

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

www.antikva.is

Útgefandi: Antikva ehf

ISBN númer: 978-9935-525-28-4

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram

@ Antikva ehf., Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Kortaskrá	4
Myndaskrá	4
Inngangur	6
Fornleifaskráningar	6
Skráningarsvæðið	7
Tilgangur fornleifaskráningar	8
Fornleifaskráning og aðferðir	11
Minjanúmer	12
Tegund, hlutverk og heiti	12
Staðsetning	12
Staðhættir og lýsing	12
Hættumat	13
Mótvægisáðgerðir	13
Fornleifar á svæðinu	13
Gauksstaðir	13
Brunnur [2863-1566] brunnur	15
Sjóvarnargarður [2863-1593] heimild	16
Sjóbúð? [2863-1575] tóft, tóftarbrot [2863-1589] og tóftahóll [2863-1596]	19
Garðar [2863-1586] og [2863-1587] garðlag	21

Leið [2863-1597] gata	23
Útihús? [2863-1578] tóft	23
Hóll [2863-1579]	24
Landamerkjagarður, túngarður [2863-1573] garðlag, landamerki	25
Samantekt og niðurstöður.....	28
Heimildir	30
Þjóðskjalasafn Íslands.....	30
Árnastofnun – Örnefnasafn	30

Kortaskrá

Kort 1. Fornleifaskráningarsvæðið á Gauksstöðum.....	2
Kort 2. Skráningarsvæðið er innan gulu línunnar. Hér má sjá minjar innan þess og í næsta nágrenni.	7
Kort 3. Innan skipulagssvæðisins er að finna brunn, tóftir og garðlög.	14
Kort 4. Bæjarstæði Gauksstaða, brunnur [1566] og sjávarlína.	18
Kort 5. Flestar minjarnar eru á syðri hluta skipulagssvæðisins.....	27

Myndaskrá

Mynd 1. Skráningarform í Reykjanesgrunninum fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.	11
Mynd 2. Brunnurinn í túninu á Gauksstöðum. Líklega leynast grjóthleðslur undir yfirborði.	16
Mynd 3. Sjógarðurinn sem nú liggur eftir sjávarkambinum. Líklega hefur gamli sjóvarnargarðurinn [1593] horfið undir hann.	17

Mynd 4. Horft yfir til tóftahóls [1596] við merkjagarð [1573]. Efst á hólnum sést í grjót tóftar [1575]. Lítil tjörn í forgrunni. Handan girðingar er Skeggjastaðatún og Brekkuhöfði. Íbúðarhúsabyggð í bakgrunni.	19
Mynd 5. Tóft [1575] á tóftahól [1596] við túngarð [1573]. Tjörnin fyrir framan tóftahólinn sést til vinstri.	20
Mynd 6. Tóftarbrot [1589] austan megin í tóftahól [1596].	21
Mynd 7. Garðlag [1586] liggur út í vatnið. Hinum megin (t.v.) má sjá garðlag [1587].	22
Mynd 8. Garðlag [1587] liggur í vinkel og sést hér hinum megin vatnsins.	23
Mynd 9. Suðaustasti hluti túngarðsins er hæstur og mjög yfirgróinn. Beggja megin hans eru nútíma girðingar.	24
Mynd 10. Túngarðshornið; horft suðvestur eftir garðinum [1573] að Brekkuhöfða.	25

Inngangur

Að beiðni Helgu Bragadóttur, arkitekts hjá Kanon Arkitekta, fyrir hönd Jóns Ben. Einarssonar, sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs Suðurnesjabæjar, tók Ragnheiður Traustadóttir, fyrir hönd Antikvu ehf., að sér fornleifaskráningu deiliskipulags á Gauksstöðum. Skráningin fékk númerið 2863 hjá Minjastofnun Íslands.

Koma á upp 15 smáhýsum til útleigu fyrir ferðabjónustu, ásamt móttöku- og afþreyingarhúsi og gert er ráð fyrir lagningu vegar að þessum byggingum. Inni á svæðinu er hluti túngarðs eða landamerkjagarðs, tóftir frá útihúsum og mögulega sjóbúð, auk garðlaga, brots af gamalli götu og brunnur. Allar þessar minjar voru mældar upp.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningu, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, skýrslu- og kortagerð. Við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Skýrsluhöfundar sáu um vettvangsvinnu, heimildavinnu og skýrsluskrif.

Með skýrslunni fylgja skrár og stafrænn hnitagrunnur.

Fornleifaskráningar

Fornleifastofnun Íslands annaðist fyrst fornleifaskráningu fyrir aðalskipulag í sveitarfélaginu Garði á Reykjanesi árið 2008.¹ Sú skráning var fullnægjandi fyrir aðalskipulag en fyrir deiliskipulag þurfti hins vegar að fara fram nákvæmari könnun á vettvangi í samræmi við núgildandi staðla Minjastofnunar um fornleifaskráningu. Fyrri skráning er höfð til hliðsjónar í skýrslunni en skráningin sem hér fer á eftir er nákvæmari og fer eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands. Allar minjar voru mældar nákvæmlega upp og staðsettar á vettvangi.

¹ Ágústa Edwald, Ásta Hermannsdóttir, Birna Lárusdóttir, Eva Kristín Dal og Jóhann Gunnarsson, 2008.

Skráningarsvæðið



Kort 2. Skráningarsvæðið er innan gulu línunnar. Hér má sjá minjar innan þess og í næsta nágrenni.

Skráningarsvæðið nær yfir túnið sunnan íbúðarhúsa á Gauksstöðum, land sem hefur tilheyrt jörðinni frá fornu fari. Gauksstaðatún er sléttislegið að norðanverðu en þýfðara og ójafnara þegar sunnar dregur á svæði þar sem er að finna litla tjörn, garðlög og tóftir. Þessi hluti svæðisins er umgirtur vírgirðingu. Suðvesturmörk svæðisins liggja að túni Skeggjastaða og er hallandi brekka frá þeim upp í móti í suðvestur. Skammt fyrir ofan er Brekkuhöfði með náttúrlegum klettum sem tengdir hafa verið huldufólki. Innan suðvesturmarkanna er hluti af fornum landamerkjagardi og hafa girðingar verið lagðar beggja megin við hann á mörkum jarðanna. Að austanverðu er sjávarkamburinn með grjóthlöðnum garði og hafið. Suðurendi

svæðisins nær að landamerkjum jarðarinnar Vara. Sunnan og vestan við skipulagsreitinn eru hestar á beit.

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagar þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.


Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangsskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.



Attribute	Value
Id	1566
Name	Brunnur
Class	Arkeologískt objekt
Sérheiti	
Bæjarnafn	Gauksstaðir
Gömul nr	GK:092-008
Jarðatal J	92
Sveitarfélag	Garður
Svæði	Gauksstaðatún
Flokkun	Búsetuminjar
Tegund	Brunnur
Efni	Grjót
Lengd	8 meter
Breidd	7,9 meter
Hæð	0,8 metrar
Athugasemd	Mæling er á umfangi þústar en brunnur er 2,6x2,5m
Túnakort	Túnakort 1919
Heimild	FSI 2009:76
Aldur	1850-1950
Aldur fra	1700
Aldur til	1950
Mæling	Uppmæling
Dagur	06.12.2022
Horfin	Nei
Horfin ástæða	<None>
Hættumat	Mikil hættu
Hættuorsök	Vegna framkvæmda
Ástand	Greinanlegar fornleifar
Skráning	RT-RKT
Deiliskipulag	Deiliskipulag Gauksstaðir
Minjagildi	Talsvert
Verkefna nr.	2863
Mótvægi	<None>
Fridad	Já
Friðlýst	Nei
Umhverfi	Er í sléttu túni
Gróður	Gras
Hlutverk	Vatnsból

Mynd 1. Skráningarform í Reykjanesgrunninum fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir jörðina Gauksstaði. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort, auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

Minjanúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri, sérheiti þeirra ef við á og hlutverki til „landamerkjagardur, túngardur [2863-1573]“. Síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni Garðs yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar. Eldri skráningarnúmer ef þau er til eru sett neðan máls eða í fornleifaskrá.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, götu, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé um til dæmis útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis gata eða túngarður.

Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Garðs – Reykjanes gagnagrunn Antikva ehf. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Í hjálagðri fornleifaskrá eru gefin upp hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðhættum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki hafði ein fornleif horfið vegna framkvæmda eða ágangs náttúruafla og er eingöngu getið í heimildum.

Mótvægisáðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt til að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögur að mótvægisáðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvað þarf að gera og með hvaða hætti.


Fornleifar á svæðinu

Gauksstaðir

Gauksstaðir hafa byggst snemma því jarðarinnar er getið þegar árið 1270 í grein um hvalaskipti á Rosmhvalanesi: „Hinn þridia þridvng taka gvkstader ok skeggiastader“.² Gauksstaðir eru líka nefndir í álitserð árið 1528 vegna landamerkaágreinings milli þeirra og jarða Skálholtsstóls.³

² Íslenzkt fornbréfasafn, II 1893, 78.

³ Íslenzkt fornbréfasafn, IX, 1909-1913, 465.



Kort 3. Innan skipulagssvæðisins er að finna brunn, tóftir og garðlög.

Við jarðaskráningu Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1703 eru Gauksstaðir í kongungseign en jarðardýrleiki óviss. „Fóðrast kann iiií kýr naumlega á allri jörðinni [...] Skóg til kolgjörðar brúkar jörðin í almenningum. Torfrista og stúnga engin. Lýngrif lítið og í

fjarska uppá heiðum í óskiftu landi. Fjörugrasatekja nokkur. Rekavon lítil. Murukjarnatekja nokkuð lítil sem brúkuð er til að næra pening á heyskort. Heimræði er árið um kríng, þó um vetur valla nýtandi, því lending er mjög slæm. Annað skipsuppsátur á jörðin þar sem heitir Varaós og er þar góð lending, brúka Gauksstaðamenn hana þá heimalendingin er ófær; heima ganga skip ábúendanna vetur og sumar eftir hentugleikum. Inntökuskip eru þar engin en hafa þó verið og mega vera enn nú ef menn vilja. Þar hefur og áður gengið kóngsskip undirgiftarlaust, en verbúð hefur því engin fylgt. Eldiviðartak af fjörupáangi naumlega til heimamanna brúkunar. Túnun og görðum spillir sjáfarágangur og so jallhúsum. Engjar eru öngvar. Útigangur engin sumar nje vetur. Vatnsból merkilega slæmt og bregðst sumar og vetur.“⁴ Gauksstaðir voru áfram í konungseign þegar *Jarðatal* Johnsens fór fram árið 1847, þá metnir 29 og 1/6 hundruð, ábúandi einn leiguliði.⁵

Bæjarstæði Gauksstaða er fast við sjóinn. Þegar túnakort var gert árið 1919 var þar tvíbýli og hluti hússins sem nú stendur hefur sennilega þegar verið byggður á þeim tíma en byggt við hann sunnan megin á fimmta áratug 20. aldar.⁶ Undir núverandi húsum er greinilegur bæjarhóll, um 50 x 30 m stór, með stefnu austur – vestur.

Brunnur [2863-1566]

Í *Jarðbók* Árna og Páls kemur fram að vatnsból voru léleg árið 1703 og þurfti oft að sækja vatn annars staðar.⁷ Á túnakorti frá árinu 1919 er þó sýndur brunnur nokkuð sunnan við bæjarstæðið, skammt austur frá sjóvarnargarði [1593] og virðist hafa verið grjóthleðsla kringum hann.⁸ Hann sést enn mjög greinilega sem reglulega hringlaga þúst eða upphækkun í túninu, um 0,5 m á hæð og 8 m í þvermál. Barmarnir eru ávalir og í miðjunni er dæld, um 0,2 m á dýpt og 2 m í þvermál. Ekki sést þó í neina grjóthleðslu nema hvað glittir í einn stein. Votlent er í túninu kringum brunninn. Hann virðist vera ágætlega varðveittur og hefur

⁴ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1923-1924, III, 89-90.

⁵ Johnsen, 1847, 88.

⁶ *Túnakort fyrir Garðinn b: Gauksstaðir 2, Skeggjastaðir 2, Brekka, Varir 2, Ko thús 2 og Ívarshús 2, býli og þurrabýli*, 1919; Ágústa Edwald, Ásta Hermannsdóttir, Birna Lárusdóttir, Eva Kristín Dal og Jóhann Gunnarsson, 2008, nr. 092:001.

⁷ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1923-1924, III, 90.

⁸ *Túnakort fyrir Garðinn b: Gauksstaðir 2, Skeggjastaðir 2, Brekka, Varir 2, Ko thús 2 og Ívarshús 2, býli og þurrabýli*, 1919; Ágústa Edwald, Ásta Hermannsdóttir, Birna Lárusdóttir, Eva Kristín Dal og Jóhann Gunnarsson, 2008, nr. 092:008.

allnokkuð minjagildi. Hann er staðsettur á norðurmörkum skipulagssvæðisins og er því í hættu.



Mynd 2. Brunnurinn í túninu á Gauksstöðum. Líklega leynast grjóthleðslur undir yfirborði.

Sjóvarnargarður [2863-1593] heimild


Samvæmt túnakorti frá 1919 var sjóvarnargarður hlaðinn við Gauksstaði og fleiri jarðir í Garði sem lágu að sjónum. Utan garðsins við Gauksstaði stendur skrifað „flóðfar og fjöruklaupir“ þannig að þar hefur hann legið alveg frammi á sjávarkambinum og öldurnar brotnað á honum.⁹ Ekkert sést lengur af þessum garði og má ætla að hann hafi að hluta til horfið undir grjótgarðinn sem byggður var til varnar á síðari hluta 20. aldar og malarveg sem

⁹ Túnakort fyrir Garðinn b: Gauksstaðir 2, Skeggjastaðir 2, Brekka, Varir 2, Kothús 2 og Ívarshús 2, býli og þurrabýli, 1919; Ágústa Edwald, Ásta Hermannsdóttir, Birna Lárusdóttir, Eva Kristín Dal og Jóhann Gunnarsson, 2008, nr. 092:009.

hlaðinn hefur verið innan hans. Hann gæti þó einnig hafa farið í sjóinn að einhverju leyti. Þegar túnakortið er borið saman við loftmynd sést að sjávarlínan hefur færst innar á þeim hundrað árum sem liðin eru. Miðað við það hefur staðsetning gamla varnargarðsins verið rétt utan við skipulagsmörkin.



Mynd 3. Sjógarðurinn sem nú liggur eftir sjávarkambinum. Líklega hefur gamli sjóvarnargarðurinn [1593] horfið undir hann.



Kort 4. Bæjarstæði Gauksstaða, brunnur [1566] og sjávarlína.



Mynd 4. Horft yfir til tóftahóls [1596] við merkjagarð [1573]. Efst á hólnum sést í grjót tóftar [1575]. Lítil tjörn í forgrunni. Handan girðingar er Skeggjastaðatún og Brekkuhöfði. Íbúðarhúsabyggð í bakgrunni.

Sjóbúð? [2863-1575] tóft, tóftarbrot [2863-1589] og tóftahóll [2863-1596]

Í hól [1596] sunnan í túni Gauksstaða, fast upp við túngarð eða landamerkjagarð [1573] milli þeirra og túns Skeggjastaða er ferhyrnd tóft [1575], með stefnu norðvestur – suðaustur, um 7 x 10 m að stærð. Eiginlegar hleðslur sjást ekki en það sem eftir er af veggjunum eru stórir grjóthnullungar sem liggja í röð. Rof er á norðvesturgafli tóftarinnar en inngangur virðist hafa verið við austurhornið. Húsið hefur verið byggt utan í túngarðinn sem hefur jafnframt myndað vegginn suðvestan megin en þétt vírgirðing liggur yfir tóftina meðfram túngarðinum.

Mögulega hefur þarna verið sjóbúð eða annað útihús en tóftin er efst á hól sem er um 1,4 m á hæð og 15 x 23 m að stærð, fremur ferhyrningslaga. Austan í hólnum er lítið tóftarbrot [1589], um 3 x 3 m að stærð, en einungis sjást leifar tveggja veggja sem liggja í vinkel, þ.e. að suðvestan og suðaustan. Mögulega hefur þessi tóft opnast í norðaustur að sjónum en veggir hennar hafa sömu stefnu og stærri tóftin efst á hólnum.



Mynd 5. Tóft [1575] á tóftahól [1596] við túngarð [1573]. Tjörnin fyrir framan tóftahólinn sést til vinstri.

Yfirborð hólsins er ójafnt og víða grjót í honum. Líklegt virðist að þarna séu fleiri minjar en ekki er unnt að greina sköpulag annarra tófta. Hólinn liggur utan í náttúrulegri brekku en landinu hallar upp til móts við bæinn Brekku sem hefur hlotið nafn af hallanum. Fyrir framan eða norðan tóftahólinn er lítil tjörn og frá henni er stutt í sjóinn. Minjarnar eru fremur ógreinilegar nema tóftin ofan á hólnum sem sést vel en varðveisla er ekki sérstaklega góð. Þær hafa nokkurt minjagildi en eru inni á framkvæmdasvæðinu og því í mikilli hættu.



Mynd 6. Tóftarbrot [1589] austan megin í tóftahól [1596].

Garðar [2863-1586] og [2863-1587] garðlag

Garðlag [1586] liggur utan í hólnum norðvestanverðum og út í tjörn fyrir framan hann. Meðfram hólnum er það þykkt og mjög yfirgróið, rennur nánast saman við hann og virðist raunar að hluta úr náttúrulegu jarðföstu bjargi. Þetta garðlag liggur norðaustur niður meðfram hólnum um 22 m langt og 1 m á breidd. Síðan tekur við örlítið bil eða hlið þar sem gata eða stígur [1597] liggur í gegn og hinum megin þess tekur við annað mjórra garðlag myndað úr minni grjóthnullungum, yfirgrónum. Einungis er eftir einföld röð af steinum. Næst tjörninni minnka steinarnir. Hleðslan eða steinaröðin gengur út í vatnið og á loftmynd sést að hún nær lengra þannig að hluti hennar er undir vatnsborðinu.

Norðvestan megin í tjörninni er annað garðlag [1587] sem mögulega gæti verið framhald af þessu en það þó óvíst. Hér er einnig um að ræða einfalda röð steina sem liggja í vinkel utan

um gróinn smáskika í tjörninni, fyrst 9 m suðvestur út frá landi en beygir síðan nokkuð hornrétt 4 m í suðaustur. Hugsanlega hefur þetta garðlag einhvern tímann náð saman við hitt garðlagið [1586]. Líklegt virðist að landið hafi breyst og að tjörnin hafi ekki verið þarna alla tíð. Á loftmynd má sjá að hún er stundum minni en þegar mælt var núna. Þessi garðlög eru vel sýnileg en þó fremur illa varðveitt. Þau hafa nokkurt minjagildi, einkum í tengslum við aðrar minjar á svæðinu. Garðlögin eru inni á framkvæmdasvæðinu og því í mikilli hættu.



Mynd 7. Garðlag [1586] liggur út í vatnið. Hinum megin (t.v.) má sjá garðlag [1587].



Mynd 8. Garðlag [1587] liggur í vinkel og sést hér hinum megin vatnsins.

Leið [2863-1597] gata

Brot af ógreinilegri götu liggur neðan og meðfram tóftahólnum [1596], þ.e. norðaustan hans. Hún liggur gegnum op eða hlið á garðlaginu og norður í átt að Gauksstöðum en týnist síðan í túninu. Í hina áttina liggur hún stutta vegalengd í suðaustur frá tóftahólnum [1578] en endar við tóftarbrot [1578]. Gatan gæti því hafa legið frá Gauksstöðum að útihúsum [1575], [1589], [1596] og [1578] sem þarna virðast hafa verið. Hún hefur einkum minjagildi í tengslum við þessa minjaheild en er afar óskýr. Hún er inni á framkvæmdasvæðinu og því í mikilli hættu.

Útihús? [2863-1578] tóft

Við suðausturenda götu [1597], um 20 m suðaustur af tóftarhólnum [1596] er ógreinileg tvíhólfá tóft. Veggirnir líta út eins og mosagrónar þústir en grjóthnullungar eru sýnilegir. Veggjahæð er um 0,2 m en breidd um 0,4 m. Tóftin hefur stefnuna norðvestur – suðaustur og

opnast vestara hólfið í norður. Á eystra hólfinu virðist vera inngangur norðan megin næst milliveggnum en rof er á gaflinum sunnan megin. Líklega hefur þarna líka verið eitthvert útihús frá Gauksstöðum. Þetta eru illa varðveittar minjar sem einkum hafa gildi í tengslum við þá minjaheild sem þarna er að finna. Tóftin er inni á framkvæmdasvæðinu og í mikilli hættu.

Hóll [2863-1579]

Um 20 m austan við tvíhólfa tóftina er nokkuð hringlaga og ávalur hóll, 18,9 x 14,8 m að stærð og 1,4 m að hæð. Grjót er sýnilegt í honum og hann sker sig frá umhverfinu því sléttlendi er kring. Hann virðist þó vera náttúrulegur og má til samanburðar hafa í huga að suðvestan við svæðið er brekka og gróin klettahæð, Brekkuhöfði. Hóllinn er þó inni á framkvæmdasvæðinu þannig að ef minjar skyldu leynast í honum eru þær í hættu.



Mynd 9. Suðaustasti hluti túngarðsins er hæstur og mjög yfirgróinn. Beggja megin hans eru nútíma girðingar.

Landamerkjagarður, túngarður [2863-1573] garðlag, landamerki

Mynd 10. Túngarðshornið; horft suðvestur eftir garðinum [1573] að Brekkuhöfða.


Á túnakorti frá 1919 má sjá túngarð eða landamerkjagarð sem liggur með stefnu norðvestur – suðaustur milli Gauksstaða og túns Skeggjastaða.¹⁰ Samkvæmt örnefnalýsingu ræður grjótlag landamerkjum Gauksstaða móti Skeggjastöðum.¹¹ Þessi garður er enn varðveittur á 90 m kafla neðan og norðan við Brekku. Hann er hlaðinn úr grjóti og torfi, mjög yfirgróinn og sokkinn sums staðar en nær þó allt að 0,8 m hæð í suðausturendanum. Annars er hæðin um 0,4-0,6 m og mesta breidd um 1,8 m. Suðaustast beygir garðurinn hornrétt 27 m í suðvestur að

¹⁰ Túnakort fyrir Garðinn b: Gauksstaðir 2, Skeggjastaðir 2, Brekka, Varir 2, Kothús 2 og Ívarshús 2, býli og þurrabýli, 1919; Ágústa Edwald, Ásta Hermannsdóttir, Birna Lárusdóttir, Eva Kristín Dal og Jóhann Gunnarsson, 2008, nr. 092:004.

¹¹ Ö-Gauksstaðir, Skeggjastaðir og Brekka.

Brekkuhöfða, náttúrulegri álfaklettaborg í landi Brekku, og er þar á merkjum milli Vara og Skeggjastaða og síðan Vara og Brekku.

Girðingar hafa verið lagðar fast upp við túngarðinn báðum megin þar sem hann er á merkjum Gauksstaða og Skeggjastaða: Þétt vírgirðing liggur meðfram honum norðaustanverðum nær Gauksstöðum og rafmagnsgirðing er meðfram suðvesturhliðinni, Skeggjastaðamegin, þar sem eru hestar. Garðurinn er ágætlega varðveittur og hefur ótvírætt minjagildi. Hann er inni á skipulagssvæðinu og er því í mikilli hættu vegna framkvæmda. Utan með styttri hluta garðsins sem liggur suðvestur að Brekkuhöfða er rafmagnsgirðing, að nokkru leyti ofan í hleðslunni og hann er í hættu vegna traðks frá hestum.



Kort 5. Minjarnar á syðri hluta skipulagssvæðisins.

Samantekt og niðurstöður

Á svæðinu hafa verið skráðar 11 fornleifar, þar af 10 sem eru sýnilegar á vettvangi en af þeim gæti hóll [1579] þó verið náttúrulegur. Ein fornleif, sjóvarnargarður [1593], er horfin vegna jarðrasks.

Norðan megin á skipulagssvæðinu er greinilegur yfirgróinn brunnur [1566]. Miðað við reglulega lögun á yfirborði virðist líklegt að hann sé vel varðveittur undir sverði og hann hefur ótvírætt minjagildi. Innan suðvesturmarka svæðisins liggur landamerkjagarður eða túngarður [1573], siginn og yfirgróinn, en þó ágætlega varðveittur og hefur líka tvímælalaust minjagildi. Bæði brunnurinn og garðurinn eru innan skipulagssvæðisins og því í mikilli hættu vegna framkvæmda. Þessar minjar eru þó rétt innan við mörk svæðisins og ætti að vera unnt að gæta að friðhelgi þeirra með því að beina framkvæmdum frá þeim. Ljóst er að bæði brunnurinn og garðurinn eru meira en hundrað ára gamlar minjar og því aldursfriðaðar samkvæmt lögum um menningarminjar sem þýðir að 15 m friðhelgað svæði skal vera umhverfis þær nema annað sé ákveðið.¹²

Aðrar minjar sem voru skráðar eru allar sunnan megin á svæðinu. Þar er um 1,4 m hár hóll [1596] sem virðist vera manngerður með tóft [1575] sem gæti verið af sjóbúð efst upp við landamerkjagarð [1573] og tóftarbroti [1589]. Líklega leynast fleiri minjar í þessum hól þótt ekki sé hægt að greina aðrar tóftir. Tóftarbrot [1578] er nokkuð suðaustan við tóftahólinn. Heimildir segja ekki frá húsum á þessu svæði en sennilegt virðist að tóftirnar séu af útihúsum sem tengst hafi sjávarbúskap Gauksstaðabænda. Í fjörunni fyrir neðan hefur verið landing og er vörin enn þá sýnileg. Utan og niður með tóftahólnum norðvestanverðum liggur garður [1586] út í litla tjörn og annar garður [1587] liggur upp úr tjörninni að norðvestan. Mögulega hafa garðarnir áður náð saman en landslagið gæti hafa breyst og er ekki víst að þarna hafi alltaf verið tjörn. Ljóst er að særinn hefur sorfið nokkuð af landinu á síðustu hundrað árum þannig að sjávarlínan hefur færst innar. Þetta eru fremur ógreinilegar minjar, nema tóft [1575] ofan á hólnum. Mjög óskýr götuslóði [1597] er einnig sýnilegur á kafla við tóftirnar og virðist stefna á Gauksstaði. Ekki er hægt að segja til um aldur þessara minja á þessu stigi en það hve

¹² Lög um menningarminjar nr. 80, 2012, 22. gr.

þær eru óskýrar gæti bent til að þær séu gamlar. Þær hafa einkum minjagildi sem heild en vegna þess hve varðveislan er léleg er upplifunargildi þeirra lítið. Minjarnar eru inni á framkvæmdasvæðinu og því í mikilli hættu. Kanna þarf tóftahólinn og tóftirnar nánar til og komast hvort þarna leynist fleiri minjar. Það er Minjastofnunnar Íslands að ákveða hvort þurfi að rannsaka frekar og þá með hvaða hætti. Könnunarskurðir í minjar gætu sagt til um aldur og hlutverk minjanna.

Óvíst er hvort hóll [1579] sé manngerður og er í raun jafn líklegt að hann sé náttúrulegur. Hann er einkum grunsamlegur vegna þess að hann sker sig frá sléttlendinu í kring og ef minjar skyldu leynast í honum eru þær hættu. Mögulega mætti nota borkjarna til að ganga úr skugga um hvort minjar séu í hólnum.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Heimildir

Ágústa Edwald, Ásta Hermannsdóttir, Birna Lárusdóttir, Eva Kristín Dal og Jóhann Gunnarsson. (2008). *Fornleifaskráning í Sveitarfélaginu Garði I: Fornleifar frá Rafnkelsstöðum að Útskálum (auk hjáleigna)*. FS404-08011. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1923-1924). *Jarðabók: Gullbringu- og Kjósarsýsla (III)*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.

Íslenzkt fornbréfasafn, II. (1893). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Íslenzkt fornbréfasafn, IX. (1909-1913). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Johnsen, J. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn.


Lög um menningarminjar nr. 80. (2012, 29. júní). Sótt 13. desember 2022 á: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>.

Þjóðskjalasafn Íslands

Túnakort fyrir Garðinn b: Gauksstaðir 2, Skeggjastaðir 2, Brekka, Varir 2, Kothús 2 og Ívarshús 2, býli og þurrabýli, 1919.

Árnastofnun – Örnefnasafn


Ö-Gauksstaðir, Skeggjastaðir og Brekka. [Ekkert ártal]. Ari Gíslason skráði.



**Antikva
2022**

Fornleifar á suðursvæðinu
Fornleifaskráning: 6.12.2022
Skráning: RKT og RT
Kortagerð: RT


Deiliskipulag Gauksstaðir
Sveitarfélag: Garður
Verknúmer: 2863



**Antikva
2022**

Fornleifar á suðursvæðinu
Fornleifaskráning: 6.12.2022
Skráning: RKT og RT
Kortagerð: RT

Deiliskipulag Gauksstaðir
Sveitarfélag: Garður
Verknúmer: 2863



**Antikva
2022**

Fornleifar á norðursvæðinu
Fornleifaskráning: 6.12.2022
Skráning: RKT og RT
Kortagerð: RT

Deiliskipulag Gauksstaðir
Sveitarfélag: Garður
Verknúmer: 2863

Nr.	1566	Bæjarnafn	Gauksstaðir	Gömul nr.	GK:092-008	Jarðatalsnr.	92
Svæði	Gauksstaðatún	Sveitafélag	Garður	Dagur.	06.12.2022	Skráning	RT-RKT
Tegund	Brunnur	Hlutverk	Vatnsból	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Gauksstaðir		

Ástand	Greinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök	Vegna framkvæmda		
Aldur	1750-1920	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Grjót	Umhverfi	Er í sléttu túni				
Lengd	8 m	Breidd	7,9 m	Hæð	0,8 m	Hleðslu umferð	
Túnakort	Túnakort 1919	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir	FSI 2008:76				
Isnet E	322246,391						
Isnet N	401541,125	Minjagildi		Talsvert			
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisáðgerðir	Könnunarskurð ef ekki er hægt að varðveita				



Í *Jarðbók* Árna og Páls kemur fram að vatnsból voru léleg árið 1703 og þurfti oft að sækja vatn annars staðar. Á túnakorti frá árinu 1919 er þó sýndur brunnur nokkuð sunnan við bæjarstæðið, skammt austur frá sjóvarnargarði [1593] og virðist hafa verið grjóthleðsla kringum hann. Hann sést enn mjög greinilega sem reglulega hringlaga þúst eða upphækkun í túninu, um 0,5 m á hæð og 8 m í þvermál. Barmarnir eru ávalir og í miðjunni er dæld, um 0,2 m á dýpt og 2 m í þvermál. Ekki sést þó í neina grjóthleðslu nema hvað glittir í einn stein. Votlent er í túninu kringum brunninn. Hann virðist vera ágætlega varðveittur og hefur allnokkuð minjagildi. Hann er staðsettur á norðurmörkum skipulagssvæðisins og er því í hættu.

Nr.	1573	Bæjarnafn	Gauksstaðir	Gömul nr.	GK-093:004	Jarðatalsnr.	92
Svæði	Gauksstaðatún	Sveitafélag	Garður	Dagur.	06.12.2022	Skráning	RT-RKT
Tegund	Garðlag	Hlutverk	Túngarður	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Gauksstaðir		
Ástand	Vel greinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök	Vegna framkvæmda		
Aldur	1800-1920	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Grjót	Umhverfi	Milli túna Gauksstaða og Brekku.				
Lengd	79 m	Breidd	1,8 m	Hæð	0,8	Hleðslu umferð	
Túnakort	Túnakort 1919	Örnefnaskrá	Ö-Gauksstaðir, Skeggjastaðir og Brekka.				
Mæling	Uppmæling	Heimildir	FSI 2008:75				
Isnet E	322311,597						
Isnet N	401384,272				Minjagildi	Mikið	
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisáðgerðir	Könnunarskurð				



Á túnakorti frá 1919 má sjá túngarð eða landamerkjagarð sem liggur með stefnu norðvestur – suðaustur milli Gauksstaða og túns Skeggjastaða. Samkvæmt örnefnalýsingu ræður grjótlag landamerkjum Gauksstaða móti Skeggjastöðum. Þessi garður er enn varðveittur á 90 m kafla neðan og norðan við Brekku. Hann er hlaðinn úr grjóti og torfi, mjög yfirgróinn og sokkinn sums staðar en nær þó allt að 0,8 m hæð í suðausturendanum. Annars er hæðin um 0,4-0,6 m og mesta breidd um 1,8 m. Suðaustast beygir garðurinn hornrétt 27 m í suðvestur að Brekkuhöfða, náttúrulegri álfaklettaborg í landi Brekku, og er þar á merkjum milli Vara og Skeggjastaða og síðan Vara og Brekku. Garðurinn er ágætlega varðveittur og hefur ótvírætt minjagildi. Hann er inni á skipulagssvæðinu og er því í mikilli hættu vegna framkvæmda.

Nr.	1575	Bæjarnafn	Gauksstaðir	Gömul nr.	Ekki skráð	Jarðatalsnr.	92
Svæði	Gauksstaðatún	Sveitafélag	Garður	Dagur.	06.12.2022	Skráning	RT-RKT
Tegund	Tóft	Hlutverk	Óþekkt	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Gauksstaðir		

Ástand	Greinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök			
Aldur	1700-1920	Horfin	Að hluta	Horfin ástæða			
Efni	Torf og grjót	Umhverfi					
Lengd	10	Breidd	7	Hæð	0,4	Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir	Engar heimildir				
Isnet E	322285,6390						
Isnet N	401417,346	Minjagildi	Nokkuð				
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir	Könnunarskurð				



Í hól [1596] sunnan í túni Gauksstaða, fast upp við túngarð eða landamerkjagarð [1573] milli þeirra og túns Skeggjastaða er ferhyrnd tóft [1575], með stefnu norðvestur – suðaustur, um 7 x 10 m að stærð. Eiginlegar hleðslur sjást ekki en það sem eftir er af veggjunum eru stórir grjóthnullungar sem liggja í röð. Rof er á norðvesturgafli tóftarinnar en inngangur virðist hafa verið við austurhornið. Húsið hefur verið byggt utan í túngarðinn sem hefur jafnframt myndað vegginn suðvestan megin en þétt vírgirðing liggur yfir tóftina meðfram túngarðinum. Mögulega hefur þarna verið sjóbúð eða annað útihús en tóftin er efst á hól sem er um 1,4 m á hæð og 15 x 30 m að stærð, fremur ferhyrningslaga.

Nr.	1578	Bæjarnafn	Gauksstaðir	Gömul nr.	Ekki skráð	Jarðatalsnr.	92
Svæði	Gauksstaðatún	Sveitafélag	Garður	Dagur.	06.12.2022	Skráning	RT-RKT
Tegund	Tóft	Hlutverk	Óþekkt /útihús	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Gauksstaðir		

Ástand	Illgreinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök	Vegna framkvæmda		
Aldur	1750-1920	Horfin	Að hluta	Horfin ástæða			
Efni	Torf og grjót	Umhverfi	Í þýðu túni				
Lengd	6,9 m	Breidd	0,4 m	Hæð	0,20 m	Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir	Engar heimildir				
Isnet E	322322,1809						
Isnet N	401396,37	Minjagildi	Lítið				

Ljósmyndari		Mótvægisáðgerðir	Könnunarskurð og borkjarna
-------------	--	------------------	----------------------------




Við suðausturenda götu [1597], um 30 m suðaustur af tóftarhólnum [1596] er ógreinileg tvíhólfa tóft. Veggirnir líta út eins og mosagrónar þústir en grjóthnullungar eru sýnilegir. Veggjahæð er um 0,2 m en breidd um 0,4 m. Tóftin hefur stefnuna norðvestur – suðaustur og opnast vestara hólfið í norður. Á eystra hólfinu virðist vera inngangur norðan megin næst milliveggnum en rof er á gaflinum sunnan megin. Líklega hefur þarna líka verið eitthvert útihús frá Gauksstöðum. Þetta eru illa varðveittar minjar sem einkum hafa gildi í tengslum við þá minjaheild sem þarna er að finna. Tóftin er inni á framkvæmdasvæðinu og í mikilli hættu.

Nr.	1579	Bæjarnafn	Gauksstaðir	Gömul nr.	Ekki skráð	Jarðatalsnr.	92
Svæði	Gauksstaðatún	Sveitafélag	Garður	Dagur.	06.12.2022	Skráning	RT-RKT
Tegund	Hóll	Hlutverk	Óþekkt	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Gauksstaðir		

Ástand	Illgreinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök			
Aldur	Óviss	Horfin		Horfin ástæða			
Efni			Umhverfi				
Lengd	18,9 m	Breidd	14,8 m	Hæð	1 m	Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir	Engar heimildir				
Isnet E	322342,64						
Isnet N	401388,77	Minjagildi	Ómetið				

Ljósmyndari		Mótvægisáðgerðir	Borkjarna
-------------	--	------------------	-----------



Um 20 m austan við tvíhólfa tóftina er nokkuð hringlaga og ávalur hóll, 18,9 x 14,8 m að stærð og 1,4 m að hæð. Grjót er sýnilegt í honum og hann sker sig frá umhverfinu því sléttlendi er kring. Hann virðist þó vera náttúrulegur og má til samanburðar hafa í huga að suðvestan við svæðið er brekka og gróin klettahæð, Brekkuhöfði. Hóllinn er þó inni á framkvæmdasvæðinu þannig að ef minjar skyldu leynast í honum eru þær í hættu.

Nr.	1586	Bæjarnafn	Gauksstaðir	Gömul nr.	Ekki skráð	Jarðatalsnr.	92
Svæði	Gauksstaðatún	Sveitafélag	Garður	Dagur.	06.12.2022	Skráning	RT-RKT
Tegund	Garðlag	Hlutverk	Garður	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Gauksstaðir		
Ástand	Greinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök	Vegna framkvæmda		
Aldur	1750-1920	Horfin	Að hluta	Horfin ástæða	Ekki vitað		
Efni	Torf og grjót		Umhverfi				
Lengd	22 m	Breidd	1,5 m	Hæð	0,4 m	Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling		Heimildir	Engar heimildir			
Isnet E	322291,630						
Isnet N	401433,239		Minjagildi	Lítið			
Ljósmyndari	RKT		Mótvægisáðgerðir	Könnunarskurð eða uppmæling fullnægjandi			



Garðlag [1586] liggur utan í hólnum norðvestanverðum og út í tjörn fyrir framan hann. Meðfram hólnum er það þykkt og mjög yfirgróið, rennur nánast saman við hann og virðist raunar að hluta úr náttúrulegu jarðföstu bjargi. Þetta garðlag liggur norðaustur niður meðfram hólnum um 22 m langt og 1 m á breidd. Síðan tekur við örlítið bil eða hlið þar sem gata eða stígur [1597] liggur í gegn og hinum megin þess tekur við annað mjórra garðlag myndað úr minni grjóthnullungum, yfirgrónum. Einungis er eftir einföld röð af steinum. Næst tjörninni minnka steinarnir. Hleðslan eða steinaröðin gengur út í vatnið og á loftmynd sést að hún nær lengra þannig að hluti hennar er undir vatnsborðinu.

Nr.	1587	Bæjarnafn	Gauksstaðir	Gömul nr.	Ekki skráð	Jarðatalsnr.	92
Svæði	Gauksstaðatún	Sveitafélag	Garður	Dagur.	06.12.2022	Skráning	RT-RKT
Tegund	Hleðsla	Hlutverk	Garður	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Gauksstaðir		
Ástand	Greinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök	Vegna framkvæmda		
Aldur	1750-1920	Horfin	Að hluta	Horfin ástæða			
Efni			Umhverfi	Í túni rétt ofan við tjörn flæðir yfir hann			
Lengd	10,5	Breidd	1	Hæð	0,4	Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir	Engar heimildir				
Isnet E	322297,375						
Isnet N	401454,860	Minjagildi	Lítið				
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisáðgerðir	Könnunarskurð eða uppmæling fullnægjandi				



Norðvestan megin í tjörninni er annað garðlag [1587] sem mögulega gæti verið framhald af þessu en það þó óvíst. Hér er einnig um að ræða einfalda röð steina sem liggja í vinkel utan um gróinn smáskika í tjörninni, fyrst 9 m suðvestur út frá landi en beygir síðan nokkuð hornrétt 4 m í suðaustur. Hugsanlega hefur þetta garðlag einhvern tímann náð saman við hitt garðlagið [1586]. Líklegt virðist að landið hafi breyst og að tjörnin hafi ekki verið þarna alla tíð. Á loftmynd má sjá að hún er stundum minni en þegar mælt var núna. Þessi garðlög eru vel sýnileg en þó fremur illa varðveitt. Þau hafa nokkurt minjagildi, einkum í tengslum við aðrar minjar á svæðinu. Garðlögin eru inni á framkvæmdasvæðinu og því í mikilli hættu.

Nr.	1589	Bæjarnafn	Gauksstaðir	Gömul nr.	Ekki skráð	Jarðatalsnr.	92
Svæði	Gauksstaðatún	Sveitafélag	Garður	Dagur.	06.12.2022	Skráning	RT-RKT
Tegund	Hleðsla	Hlutverk	Óþekkt	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Gauksstaðir		
Ástand	Illgreinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök	Vegna framkvæmda		
Aldur	1750-1920	Horfin	Að hluta	Horfin ástæða	Ekki vitað		
Efni				Umhverfi	Í túni rétt ofan við tjörn		
Lengd	4	Breidd	3,8	Hæð			
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling		Heimildir	Engar heimildir			
Isnet E	322301,768						
Isnet N	401418,014		Minjagildi	Lítið			
Ljósmyndari	RKT		Mótvægisáðgerðir	Könnunarskurð			



Austan í hólnum er lítið tóftarbrot [1589], um 3 x 3 m að stærð, en einungis sjást leifar tveggja veggja sem liggja í vinkel, þ.e. að suðvestan og suðaustan. Mögulega hefur þessi tóft opnast í norðaustur að sjónum en veggir hennar hafa sömu stefnu og stærri tóftin efst á hólnum.

Nr.	1593	Bæjarnafn	Gauksstaðir	Gömul nr.	GK-092:009	Jarðatalsnr.	92
Svæði	Gauksstaðatún	Sveitafélag	Garður	Dagur.	06.12.2022	Skráning	RT-RKT
Tegund	Heimild	Hlutverk	Sjóvarnargarður	Flokkur	Sjóminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Gauksstaðir		

Ástand	Ekki sést til fornleifa	Hættumat		Hættuorsök			
Aldur	1750-1920	Horfin	Já	Horfin ástæða			
Efni			Umhverfi				
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	322303,304						
Isnet N	401484,9	Minjagildi	Horfin				
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisáðgerðir	Engar				



Samvæmt túnakorti frá 1919 var sjóvarnargarður hlaðinn við Gauksstaði og fleiri jarðir í Garði sem lágu að sjónum. Utan garðsins við Gauksstaði stendur skrifað „flóðfar og fjöruklaппir“ þannig að þar hefur hann legið alveg frammi á sjávarkambinum og öldurnar brotnað á honum. Ekkert sést lengur af þessum garði og má ætla að hann hafi að hluta til horfið undir grjótagarðinn sem byggður var til varnar á síðari hluta 20. aldar og malarveg sem hlaðinn hefur verið innan hans. Hann gæti þó einnig hafa farið í sjóinn að einhverju leyti. Þegar túnakortið er borið saman við loftmynd sést að sjávarlínan hefur færst innar á þeim hundrað árum sem liðin eru. Miðað við það hefur staðsetning gamla varnargarðsins verið rétt utan við skipulagsmörkin.

Nr.	1596	Bæjarnafn	Gauksstaðir	Gömul nr.	Ekki skráð	Jarðatalsnr.	92
Svæði	Gauksstaðatún	Sveitafélag	Garður	Dagur.	06.12.2022	Skráning	RT-RKT
Tegund	Hóll	Hlutverk	Óþekkt	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Gauksstaðir		
Ástand	Illgreinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök	Vegna framkvæmda		
Aldur	1750-1920	Horfin	Að hluta	Horfin ástæða	Ekki vitað		
Efni			Umhverfi	Í túni rétt ofan við tjörn			
Lengd	22	Breidd	15,8	Hæð			
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling		Heimildir	Engar heimildir			
Isnet E	322293,571						
Isnet N	401417,072		Minjagildi	Ómetið			
Ljósmyndari	RKT		Mótvægisáðgerðir	Könnunarskurð			




Hólinn er sem er um 1,4 m á hæð og 15 x 23 m að stærð, fremur ferhyrningslaga. Yfirborð hólins er ójafnt og víða grjót í honum. Líklegt virðist að þarna séu fleiri minjar en ekki er unnt að greina sköpulag annarra tófta. Hólinn liggur utan í náttúrulegri brekku en landinu hallar upp til móts við bæinn Brekku sem hefur hlotið nafn af hallanum. Fyrir framan eða norðan tóftahólinn er lítil tjörn og frá henni er stutt í sjóinn. Minjarnar eru fremur ógreinilegar nema tóftin ofan á hólnum sem sést vel en varðveisla er ekki sérstaklega góð. Þær hafa nokkurt minjagildi en eru inni á framkvæmdasvæðinu og því í mikilli hættu.

Sjá frekari lýsingu í skýrslunni

Nr.	1597	Bæjarnafn	Gauksstaðir	Gömul nr.	Ekki skráð	Jarðatalsnr.	92
Svæði	Gauksstaðatún	Sveitafélag	Garður	Dagur.	06.12.2022	Skráning	RT-RKT
Tegund	Gata	Hlutverk	Leið	Flokkur	Samgönguminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Gauksstaðir		

Ástand	Illgreinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hættu	Hættuorsök	Vegna framkvæmda		
Aldur	1750-1920	Horfin	Að hluta	Horfin ástæða	Ekki vitað		
Efni	Troðningur		Umhverfi	Í túni rétt ofan við tjörn			
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling		Heimildir	Engar heimildir			
Isnet E	322284,938						
Isnet N	401437,052		Minjagildi	Lítið			
Ljósmyndari		Mótvægisáðgerðir	Uppmæling fullnægjandi				



Brot af ógreinilegri götu liggur neðan og meðfram tóftahólnum [1596], þ.e. norðaustan hans. Hún liggur gegnum op eða hlið á garðlaginu og norður í átt að Gauksstöðum en týnist síðan í túninu. Í hina áttina liggur hún stutta vegalengd í suðaustur frá tóftahólnum [1578] en endar við tóftarbrot [1578]. Gatan gæti því hafa legið frá Gauksstöðum að útihúsum [1575], [1589], [1596] og [1578] sem þarna virðast hafa verið. Hún hefur einkum minjagildi í tengslum við þessa minjaheild en er afar óskýr. Hún er inni á framkvæmdasvæðinu og því í mikilli hættu.